



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Maí 2005

4. tbl. 12. árg.

Meðal efnis:

Formaðurinn

- Pistill formannsins

Djúpa- og Kleifarvatn

- Hvað er að gerast þar á næstunni

Tíu boðorð sjóbleikjuveiðimannsins

- Frábær pistill frá Stefáni Jón Hafstein

Lokahófið

- Lokahófið í máli og myndum

Efnilegast silungaflugan 2005

- Sagan á bak við fluguna og uppskrift

Hreinsunarhelgin

- Skoðaðu allar myndirnar

Takið
Eintak

Það sem er á döfinni:

Djúpavatn

21. og 22. maí

Kleifarvatn

29. maí



Frá Lokahófinu:

Össur í fantaformi

(Hann tók að vísu ekki lagið)

Allt um lokahófið á bls: 10



Frá hreinsunarhelginni:

Vignir með væna bleikju.

Fleiri myndir á bls: 19 - 21

Formaðurinn

Heilir og sælir félagar;

Jæja þá er loksins brostið á með veiði, ástæða er til að þakka fyrir veturinn sem var með blómlegu starfi og endaði með frábæru kvöldi, daginn fyrir Sumardaginn Fyrsta. Góð þátttaka var að venju í hreinsun í Hlíðarvatni og lögð var lokahönd á útigrillið með samhentu átaki góðra manna, það sem meira var þá var veiði góð um helgina, meiri en oftast áður og lofar það góðu fyrir byrjun sumars.

Framundan eru þó nokkrir viðburðir s.s. vinnuferð í Djúpavatn og væri gaman að sjá vaskar hendur mæta, en þar ætlum við að skipta um þakjárn og klára útigrillið. Ég vil hvetja alla velunnara Djúpavatns til að koma og leggja hönd á plóg. Við sleppum góðum slatta af vænum urriða í Djúpavatn í



vor og svo aftur um mitt sumar. Við verðum með **“opið vatn”** í Kleifarvatni þann 29. maí og bjóðum félögum, ásamt Hafnfirðingum og nærsveitarmönnum að koma og veiða frítt; Sjá nánar hér að neðan.

Einnig hvet ég félagana til að láta nú veiðifélaga vita af sölu veiðileyfa í veiðisvæði félagsins á www.agn.is, framundan eru fjárfrek verkefni og við þurfum nauðsynlega á meiri tekjum að halda. En við skulum halda

gláðir í bragði á veiðislóð með myndavél og minnisblokk og fylla blað og heimasíðu af skemmtilegu efni næsta haust og vetur.

*Gleðilegt sumar;
Hans Ólason*


“Opið vatn” í Kleifarvatni

Sunnudaginn 29. maí er öllum veiðimönnum innan og utan félags á Stór - Hafnarfjarðarsvæðinu boðið í veiði í **Kleifarvatni**.

Félagar í SVH verða á svæðinu og taka vel á móti gestum. Einu skilyrðin til að fá að veiða, eru að menn komi með þann afla sem fæst til myndatöku og skráningar.

Veitt verða verðlaun fyrir stærsta veidda fiskinn.

Félagar fjölmönnum og eigum ánægjustund við þetta fornfræga og magnaða vatn.



Kleifarvatnsnefnd og stjórn

Djúpavatn

Vinnuferð í Djúpavatn

Helgina 21. og 22. maí er vinnuferð í Djúpavatn. Það þarf að skipta um þakjarnið á skálanum sem er orðið illa farið. Svo stendur til að klára útigriplið. Einnig þurfum við að moka upp úr útfalli vatnsins, því vatnshæðin er orðin full mikil, enda vegurinn að hluta kominn í kaf. Eru karlar og konur hvött til að mæta og taka til hendinni með okkur í stjórn og Djúpavatsnefnd; **Margar hendur vinna létt verk.**

Menn geta haft samband við Grétar í s. 698-3615 eða Hans í s. 898-2608.

Það verður kaffi á könnunni og meðlæti, einnig er tilvalið að taka krakkana með og leyfa þeim að veiða.

Þess má einnig geta að nú þegar er búið er að sleppa yfir 100 stk. af 3 - 5 punda urriðum í vatnið. Önnur slík slepping fer fram í sumar.



Fjölskyldustemming við Djúpavatn 2004

Nefndin og stjórnin.

Frá Stjórninni Hlíðarvatn & Djúpavatn Breyttur veiðitími

Framvegis verður **komið í hús kl. 18:00** að kvöldi fyrir skráðan veiðidag en *ekki kl. 20:00* eins og áður. **Húsinu skal svo skila kl. 18:00 á skráðum veiðidegi, vel þrifnu og í góðu standi.**

Tín boðorð sjóbleikjuveiðimannsins

Meðfylgjandi grein fengum við frá Stefáni Jón Hafstein, af www.flugur.is
Við færum Stefáni sérstakar þakkir fyrir framlagið.

Sjóbleikjan er oft mesta ögrun stanga-veiðimanna á Íslandi. Hér í greininni eru 10 óbrigðular aðferðir til að veiða sjóbleikju og einni betur. Þú verður að kunna þær allar.

Flugufréttir, vikulegt rafrænt fréttabréf til áskrifenda á flugur.is, hafa fjallað um flugunar og val á þeim í sjóbleikjuna. En hugsanlega erum við of upptekin af flugnavali og vanrækjum að hugsa um veiðiaðferðir? Kannski. Og þó ekki. Þetta tvennt er svo samtvinnað.

Á flugur.is eru margar greinar um sjóbleikjuveiðar og kannski segir titill einnar meira en nóg: "*Þegar Heimasætan og Peacock eru ekki nóg*". Og mætti bæta við, "og þegar ekki nægir einu sinni að kasta Flæðarmús líka!" Margir fara aldrei af því stigi að veiða sjóbleikju með Flæðarmús/Heimasætu eða Peacock aðferðunum. Og tala svo um óstjórnlega dynti ef þeir fá ekki neitt og allt vaðandi í fiski í kringum þá!
Hvaða aðferðir þarf sjóbleikjumaðurinn að kunna?

1) **Straumflugan.** Algengust og ofmetnust. Flæðarmús, Heimasæta, appelsínugulur nobbler, Black Ghost, Dentist og fleiri í það óendanlega. En reynið að breyta um inndrátt í staðinn fyrir að skipta endalaust um flugu ef ekki tekur. Hefðbundin eru hæg inntog sem smám saman verða hraðari er flugan kemur nær landi. Reynið einnig: stutt örtog, mismunandi blæbrigði; eða: látið fluguna sökkva vel, dragið svo eins hratt og hægt er með hörðum rykkjum. Reynið líka algjörlega dauft rek í straumi. Sama flugan getur gefið mok sem áður var dauð - ef skipt er um inndráttaraðferð.

2) **Kúluhausar.** Næsta algengasta aðferðin. Andstreymis (já, líka á útfalli

í ósum), og látið reka með straumi. En reynið líka að láta hana sökkva og draga svo inn með mishröðum og mislöngum rykkjum. Finnið rétta hrynjandi og munið hvernig þið gerðuð þegar hún tók! Flugur: Peacock með kúluhaus, Pheasant tail, Guðmann, Héraeyra, Buzzerar? Úrvalið er endalaust!

3) **Litlar þríkrækjur.** Númer 12 eða 14 eða jafnvel 16. Rauð francis með gullkrók númer 14 eða 16 er algjör snilld! Reynið einnig litlar bláar.

Hér er ofur venjulega fluga: Silfur þríkrókur, appelsínugult skegg, bleikur vængur. Ekkert meira! Hér er inndrátturinn oft lyklatríði. Undir þennan flokk falla líka þríkrækjur eins og Whisky fly, Varði og laxaflugur eins og Undertaker, Hairy Mary, o.s.frv. Gleymið ekki Green Brahan!

4) **Gárubragðið.** Já! Bleikjan getur orðið vitlaus í flugur með gárubragði. "Hitsið" (sjá greinar á flugur.is) virkar vel á þær. Litlar gárutúpur eru góðar, eða litlar silungaflugur, einkrækjur, t.d. Silver Teal, með bragði um hausinn. Reynið í hávaðaroki alveg eins og í logni. (framh. á næstu síðu)



Stefán Jón í Vatnsdalnum 2003

5) **Örtúpur.** (Mikrótúpur). Tilbrigði við 3 og 4. Vaðandi bleikja getur fúlsað við öllu eins og dæmin sanna, þar til örtúpa (t.d. Hairy Mary) er dregin hratt í gegnum torfuna í yfirborðinu. Langur taumur, létt köst, og dregið hratt inn. Litlar keilutúpur eru tilbrigði: Reynið Dentist með svörtum hárum, appelsínugulum kraga og keilu.

6) **Marfló.** Algengasta fæði sjóbleikju í ósum. En ótrúlega fjölbreytt að stærð og lit. Erfitt getur verið að hitta nákvæmlega á réttu marflóna í hvert skipti. Hugsanlega er betra að reyna að freista bleikjunnar með aðferðum 2-5. En nauðsynlegt að eiga marflóarlíki til að reyna. Litbrigði marflóar í bleikju geta verið: græn, grá, gul, appelsínugul og dökkt út í svart og miklu meira, stærðir frá númer 10-16. Sýnir hve erfitt getur verið að hitta á það rétta ef hún vill ekkert annað og skýrir marga skráveifuna sem við verðum fyrir fisklausir veiðimenn.

7) **Lirfur, pöddur.** "Litlar svartar" er safnheitið yfir þetta þegar komið er ofar í árnar, já, og jafnvel í ósum. Bleikjan getur læst sig í ákveðið æti smádyra, oft lirfa sem er á leið til yfirborðs að klekjast. Ef sést á hringi undan fiski undir yfirborði (ekki á yfirborði) er þetta málið. Oft má sjá glampa á kvíð þegar þær snúa sér á eftir smádyrum.

Þetta eru sannanir fyrir því að nú eigi að skipta yfir í smápöddur. (Sjá grein í Flugufréttum í júlí 2002: "Þetta litla svarta", hægt að nálgast á vefnum). Bleikjan getur hafnað öllu sem er stærra en 14-16. Láttu reka með straumi eða dragðu inn með ofursmáum rykkjum. Þú verður undrandi! Notaðu tökuvara ef ekkert gengur. Það gæti gert útslag. Of neglir bleikjan, en öðrum stundum rétt nartar hún.

Flugur: MME (eftir John Maticco), Tailor, lítill Peacock, Buzzer (svartur, rauður, grænn), Pheasant tail. Stærðir 14-16 allt án kúlu, og svo fjöldi annarra litbrigða.

8) **Leyniráð:** Prófaðu blóðorm! Kunnugir segja að silungur sem er á kafi í tilteknu æti muni ekki standast blóðorm standi hann til boða. Það er mikið til í því.

9) **Leyniráð 2:** Lærðu að veiða á "viðhengi" (dropper). Settu 2-3 litlar flugur í röð á grannan taum og leitaðu þannig að þeirri réttu. Smærra er oft betra.

10) **"And þurrfluga of course!"** Black Gnat er augljós, en það er ekki nóg. "Caddis" flugur nefnast fiðrildalíki á ensku, taktu eftir hvílík fiðrildafjöld er á sveimi kringum þig. Og hvað þau eru stór! Notaðu langan grannan taum (4-6x) og veiddu eins og maður (sjá greinar á vefnum, fullt af þeim).

Þessar duga vel: Royal Coachman, Evrópa, CDC flugur (einkum frá Marc Petitjean), Moskitó. Þú verður að eiga: svarta, brúna, gráa. Stærðir 10-16. Því miður. Úrvalið verður að vera gott. Leyniráð #3: Prófaðu maur. (Grein um maur á flugur.is, hún er gríðarsterk í Hlíðarvatni.).

Niðurlag: Hér hefur þú lært 10 aðferðir til að veiða sjóbleikju, ein ætti að duga hverju sinni. Ef ekki er sú ellefta eftir: Oft hangir lirfa í yfirborðinu og er við það að klekjast út, er hvorki í kafi - né ofaná filmunni eins og þurrfluga. Þetta getur verið nákvæmlega það sem bleikjan vill. Hvað gerir þú þá? Bólvar því að hafa ekki fengið þér "svampflugu" sem er lirfa með flot (svamp) á bakinu svo hún dingli í vatnsskorpunni. En þú mátt auðvitað ekki vera ósigrandi á bleikjuveiðum.

Ps. Og svo er eitt leyniráð enn: Þegar bleikjan er gengin í ár verður hún smám saman erfiðari eftir því sem nær dregur hrygningu. Láttu fluguna skriða með botni. Annað hvort undan straumi á hraða vatnsins, eða dragðu hana eins hægt og þú mögulega getur þannig að þú finnur hana skrapa botn. (Jafnvel Hairy Mary virkar!)

PPs. Auðvitað sleppum við öllum legnum boltaleikjum sem eru orðnar rauðar á kvíð. Við erum búnar að veiða svo mikið hvort sem er með öllum þessum heilræðum!





Við hlustum!

**Opið í Austurveri
til kl. 24
alla daga ársins.**

 **Lyf & heilsa**

Kleifarvatn

Verkefnið loks hafið

Eins og suma rekur kannski minni til setti stjórn SVH af stað verkefni fyrir 2 árum sem lýtur að rannsóknum á lífríki Kleifarvatns annars vegar og uppgræðslu á völdum svæðum í kring hins vegar í samvinnu við Nátturustofnanir Kópavogs og Suðurnesja og Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs (GFF). Það er mér mikið ánægjuefni að segja frá því að verkefnið er hafið. Smá tafir urðu á þessu máli vegna þess að bannað var að dreifa hrossataði þar sem lausaganga búfjár er leyfð vegna þess að leyft hafði verið að nota hey frá riðuveikisýktum svæðum til að gefa hrossunum. Nú er komin lausn í því máli þar sem með samstilltu átaki og einkum fyrir tilstilli Vegagerðarinnar hefur verið komið upp 2 afgirtum beitarhólfum, við Krýsuvíkurtorfunna annarsveg og þjónar það m.a. Grindvíkingum og hinsvegar austur og norður af Hlíðarvatni og þjónar það bændum í Ölfusi. Því heyrir lausaganga búfjár nú sögunni til. Veit ég að margir félagar gleðjast við þessar fréttir því hingað til hefur verið til einskis að reyna uppgræðslu við Kleifarvatn þar sem rollurnar hafa jafnharðan nagað hvert stingandi strá niður í svörð. Það liggur fyrir að næsta sumar verður hrossataði dreift á valda staði við vatnsbakkann og vonandi eflist flugan við vatnið með tilkomu meiri gróðurs. Þá er ráðgert að taka sýni úr vatninu í sumar, nokkrum sinnum, og búið að taka fyrstu sýnin, óhætt er að segja að menn fylgjast spenntir með.

GFF og Landgræðslan

Ég var svo heppinn að sitja aðalfund GFF (Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs) í lok apríl og tók þátt í mjög áhugaverðum pallborðsumræðum, þar sem sátu m.a. umhverfisráðherra Sigríður Anna, Katrín Jakobsdóttir formaður umhverfisnefndar Reykjavíkur, Sigurbjörn Bárðarson hestafrömuður, fulltrúi frá fræðsludeild



Falleg mynd frá Kleifarvatni í lok febrúar.

Landgræðslunnar og fleira gott fólk. Margt áhugavert kom þar fram, m.a. að menn hefðu kannski of miklar áhyggjur af uppgræðslu með lífrænum áburði m.t.t. vatnsverndarsvæða, staðreyndin væri kannski sú að þykkari gróinn svörður gæti verndað eða dregið úr mengun grunnvatns.

Hitt var einnig afar athyglivert að rauður þráður í máli flestra sem tóku til máls var akstur torfæruhjóla utan vega og á grónum svæðum. Fram kom að um 1200 torfæruhjól eru í pöntun og fulltrúum yfirvalda var gert klárlega ljóst að ekki er lengur hægt að stinga höfðinu í sandinn gegn þessu vandamáli.

"Enduróguðir" - vegir skemmdir

Rót vandans liggur í því að sveitarfélögin hafa ekki þrátt fyrir ítrekaðar óskir hjólamanna eða Enduró-guðanna eins og einn góður fundarmaður orðaði það, gert ráð fyrir og úthlutað þessari fjölmennu íprótt landsvæði. Svæði sem er nógu stórt fyrir byrjendur og lengra komna. Meðan þessi svæði eru ekki til staðar er útilokað að taka á þessu leiða vandamáli og hvort sem okkur hugnast þessi íprótt eða ekki er staðreyndin sú að iðkendur skipta fleiri hundruðum ef ekki þúsundum og því um einfalt réttlætismál að ræða.

(framh. á næstu síðu)

Ég veit að samtök hjólamanna hafa í næstum áratug gengið á fund bæjaryfirvalda hér í bæ, lagt fram óskir um svæði, gert tillögur að uppbyggingu þeirra, boðist til að fjármagna það sjálfir og hver veit hvað, þeim hefur oftast en einusinni verið gefið vilyrði fyrir lausn (líklega í aðdraganda kosninga) en ekkert hefur enn orðið úr. Nú er þetta mál hinsvegar orðið það alvarlegt og víðtækt að úrlausna er þörf og frumkvæðið verður að koma ofanfrá, frá yfirvöldum og vinnast í samvinnu við hjólamenn.

Við félagar í SVH höfum ekki farið varhluta af þessu þar sem norðurendi Kleifarvatns hefur verið vinsæll. Þar lagfærðum við veginn að Hrossabrekku með ærnum tilkostnaði fyrir 2 árum og það tók Endúroguðina ekki nema tæpan mánuð að eyðileggja veginn á stóru svæði og ekki síður gryfjurnar á Djúpavatnsleið þar sem þeir lögðu braut þvert yfir veginn á 2 stöðum svo djúpar rásir mynduðust í hann og stórhætta skapaðist, fyrir utan skemmdir á bílum.

Aðgerða þörf strax

Sem fyrr segir held ég að ráðherra, formanni og fleirum hafi verið gert alveg ljóst að nú þarf að grípa til aðgerða og það strax. Við sjálfir þurfum einnig að halda umræðunni um þetta gangandi og hvet ég hvern þann sem hittir stjórnmalamenn bæjarins að láta ekkert tækifæri úr

greipum ganga og minnst á málið.

Upprisa Kleifarvatns

Nóg um það, við í stjórn teljum enn og trúum að upprisa Kleifarvatns sem veiðisvæði sé hafin og höfum sótt um styrk til vegargerðar við suðurenda vatnsins og meiningin er að akfært verði aftur um gamla slóðann sem liggur að hrauninu við austurhlið Kleifarvatns, þar veiddist einmitt þó nokkuð s.l. sumar og brýnt að menn komist þangað með sæmilegu móti. Þegar þetta er skrifað hefur styrkjum ekki verið úthlutað en við bíðum spenntir. Þangað til hvet ég menn til að skjótast uppeftir og veiða, þetta er ódýr veiði og nokkurra mínútna fjarlægð, leita fiskinn uppi og láta okkur eða bæjarblöðin vita af afla og hvar veiddist.

Hó.



Kleifarvatn: Lamhagi & Hrossabrekkur



Frá náttúrspjöllum við Djúpavatn 29. apríl 2004.

Líf eftir dauðann?

Kannski ekki fyrir sögn sem á heima í veiðiumræðu, og þó.....

Indíanar Norður Ameríku töluðu víst um það að halda á hinar eilífu veiðilendur þegar þeir gáfu upp öndina, og í góðum hópi hér um daginn barst þetta í tal og töldu menn ekki amalegt að geta gengið um veiðislóð að lokinni jarðvist. Þá sagði einn góður félagi minn að við skyldum nú ekki gera neitt grín að þessu, eitt sinn hefði hann farið ásamt veiðifélaga sínum austur að Hlíðarvatni, með þeim í för var kona utan af landi sem langaði mikið að sjá þetta blessaða vatn sem alltaf væri verið að tala um. Þetta var á hreinsunarhelgi en þau voru seint á ferð og þegar þau komu austur voru engir bílar á svæðinu og félagi minn sagði, "jæja það eru víst allir farnir" en konan sem var með þeim sagði "það stendur nú einn þarna á pallinum og nú gengur hann fyrir hornið á húsinu, en hann kemur ekki tilbaka". Hún var beðin að lýsa manninum og lýsti þá nákvæmlega góðum félaga í SVH til margra ára sem

hafði fallið frá tveimur mánuðum áður. Þessi ágæti félagi hafði mikið dálæti á Hlíðarvatni og mætti alltaf í hreinsun, og hafði greinilega ekki heldur sleppt því í þetta sinn!

Sagan er sönn en að tillitsemi við hlutaðeigandi eru engin nöfn nefnd.

Hver veit hvað bíður okkar hinumegin en víst er að veiðiferðir eru alltaf tilhlökkunar efni ...

HÓ



Frá flugukastnámskeiði SVH & Námsflokka



Síðasti tíminn í flugukastnámskeiði hjá SVH og Námsflokka, þ.e. útikasttíminn. Hann var núna 8. maí, sunnan við Kleifarvatn. Það þótti helst til lítill vindur, aldrei þessu vant. Mæting nemenda var mjög góð.

Lokahófið

Lokahóf SVH (Kvöldið fyrir Sumardaginn Fyrsta) var haldið þann 20. apríl. Mæting var að sjálfsögðu góð eins og endranær; Ekki hefur heiðursgesturinn spilt fyrir. Við fengum "Stórríðann" Össur Skarphéðinsson í heimsókn. Það má segja að hann hafi slegið verulega í gegn. Það var mál manna að þetta hafi verið með allra skemmtilegustu fyrirlestrum sem við höfum fengið á Lokakvöldi SVH.

Mikið var af góðum vinningum í happadrættinu eins og venjulega og var sala á miðum með allra besta móti. Aðalvinningurinn, fjórar stangir í 2 daga (allt holtið) í **Hvolsá og Staðarhólsá frá Veiðipjónustunni Strengjum** kom í hlut félaga númer 27 Ásmundar Ársælssonar.

Einnig voru kynnt úrslitin í hnytingarsamkeppni húskarla, **Efnilegasta silungaflugan 2005**. Þar var félagi númer 73, Einar nokkur Sigurðsson hlutskarpastur með fluguna B-8. Sagan á bak við fluguna, mynd af henni og uppskrift eru á bls: 14.

Hér á þessari og næstu síðu eru nokkrar myndir frá lokakvöldinu... og eins og menn segja "ein mynd segir meira en 1000 orð", þannig að við látum myndirnar tala sínu máli.



Já þeir voru stórir urriðarnir sem rætt var um.



Unglingadeildin fékk einnig glaðning þetta kvöld.



Það var mjög glatt á hjalla þetta kvöld.




Aðalvinningurinn afhentur.



Frá vinstri: Einar Sigurðsson, Guðmundur Sveinbjörnsson og Hallberg Svavarsson.

Einar sópaði til sín "öðrum" verðlaunum þetta kvöld: Efnilegasta silungaflugan 2005 & mætingarverðlaunin.



*Vetur kveð með kurt og pí,
kórlum þykir gaman.
Víst er gaman að vökna í,
vinstri fótinn saman.
Tómas Högni*


Að sjálfsögðu voru menn skáldmæltir þetta kvöld eins og endra nær ...



Menn bera þessa húfu með stolti.



Það var oft þröng á þingi við barinn...



Ýmsir "gamlir refir" létu sig ekki vanta.



Ekki leynir það sér að það var glatt á hjalla ...



Já ... kvenfólkið fékk einnig vinninga á lokahófinu ...



Það hafa ábyggilega flogið margar gamansögur þarna um kvöldið ...

Húskarlar þakka eftirtöldum aðilum stuðninginn á Lokakvöldinu

Veðivon	Sportvörugæðin
Ostahúsið Hafnarfirði	Reykofninn Kópavogi
Nýi Tölvu og viðskiptaskólinn	Brimborg MAX-1
Lax-á	Arkó veðivörur
Stjórnusteinn Hafnarfirði	Veðipjónustan Strengir
Lyfja Setbergi	Lexus umboðið
Veðibúðin við Lækinn	Bílanaut
	Sparisjóður Hafnarfjarðar

Hárgreiðslustofan
Cleopatra
Rafgeymasalan
Dalshrauni
Intersport
Útilif
Skóarinn
Hafnarfirði
Lyf og heilsa
Fjarðarkaupum
Vesturröst
Blómabúðin Dögg
Bón-Fús
Hafnarfirði
Úr og gull Firði
Snyrtistofan
Björt Hafnarfirði
Fjarðarnesti

Fjarðarkaup
Hársnyrtistofan
G-2
Gleraugnabúðin
Mjóðd
Veðihornið
Ellingsen
Veitingahúsið
A. Hansen
Árvík
1 Guðmundsson
Íslandsbanki
Byko Hafnarfirði
Gunni Magg
Gullsmiður
Strandgötu
Fjölsport Firði

Efnilegasta silungaflugan 2005

Sagan á bak við fluguna

22. júní átti sonur minn þrítugs afmæli. Ég ætlaði að reyna að vekja veiðibakteríuna í honum. Ég keypti flugustöng, hjól og línu sem hann skyldi fá í afmælisgjöf. Ég átti tvö veiðileyfi í Hlíðarvatn þennan dag og spurði son minn hvort hann vildi koma og veiða með mér. Ég bjóst nú frekar við því að hann vildi gera eitthvað með félögum sínum heldur en að fara að veiða með pabba gamla. En viti menn, hann sagði já.

Nokkrum dögum fyrr átti ég erindi í Ellingsen og á leiðinni þaðan út ákvað ég að líta í sportdeildina og sjá hvað þeir væru að bjóða í veiðidóti.

Þar rak ég augun í spjald með 8 flugum á, sem mér leist vel á og kostaði ekki allan heiminn. Ég keypti þessar flugur og gaf syni mínum þær þegar við vorum mættir í Botnavíkina 22. júní. Þetta voru smáar nymfur númer 14.

Ég sagði syninum að velja flugu. Hann leit yfir spjaldið og valdi eina svarta. Núna var haldið niður að vatni vestan til í Botnavíkinni. Ég sagði honum að velja sér stað og byrja að veiða. Ég yrði ekki langt undan þar eð við vorum aðeins með einn háf. Hann var búinn að fá tilsögn varðandi hvernig ætti að bregðast við þegar fiskurinn bítur á og hversu mjúkt hann ætti að taka á honum. Það var ekki spurning um hvort hann fengi fisk, heldur hve marga. Þetta var jú afmælisdagurinn hans og með nýjar eigin græjur. Hann óð út í grynningarnar og byrjaði að kasta inn Botnavíkina í átt að húsi Ármanna. Ég rölta rólega í land og ætlaði að gera mig klárann með mínar eigin græjur og fylgjast svolítið með Kjartani syni mínum.

Viti menn, hann er ekki búinn að kasta mörg köst þegar fiskur bítur á og ég kalla til hans, að hann skuli vera mjúkur við fiskinn. Hann var dálitla stund að þreyta fiskinn en svo náðum við honum

í háfinn. Finn fiskur.

Ekki veit ég hvor okkar var ánægðari ég eða sonurinn. Ég ánægður yfir að hann skyldi fá fisk svona fljótt og hann yfir að fá fisk á nýju stöngina.

Hann kastaði strax aftur og setti fljótt í enn stærri fisk. Honum var landað og við vorum rétta að byrja.

Ekki slæmt. Nú átti að kasta enn lengra en þá bara var flugunni skotið af línunni. Ekki voru til fleiri flugur af þessari gerð og eftir daginn hafði hann aðeins fengið tvær litlar bleikjur til viðbótar.

Ég hef reynt að líkja eftir þessari nymfu og hún er eins og ég skila henni hér.

Það er hægt að hafa margar útgáfur af henni t.d. með eða án kúlu, án skeggs eða skotts og kraga. Ég veiddi á þessa nymfu í fyrra og gaf hún mér góða veiði.

#73 Einar Sigurðsson



Uppskriftin að B-8:

Skott: Svartur íkorni

Vöf: Gull oval


Búkur: Svart floss

Kragi: Peacock fanir

Haus: Gull kúla

Hnýtt smá no: 14

Til upplýsinga veiddi Einar 18 stk. hreinsunarhelgina í Hlíðarvatni og þar af ca. helminginn á þessa.



SIMMS



Veidivon

Mörkinni 6 - S: 568-7090

www.veidivon.is

Ritstjórinn

Sælir félagar;

Fylgífiskur

Um daginn vorum við nokkrir félagar að spjalla saman uppi í félagsheimili og þar var ég að lýsa uppákomum í veiðitúrum. Ekki um stóra fiska né marga. Nei hinn leiði fylgífisk margra sem stunda þetta sport, áfengið.

Menn voru nokkuð sammála um að heyrst hafi eitthvað minna um slíkt í seinni tíð en betur má ef duga skal. Mér finnst enn fylgja þessu ánægjulega sporti of mikill orðrómur um að **"veiðiferðir sé góð ástæða til að fara á fylleri í friði"**.

Síðasta fí...ið ekki fætt

Ég hef hitt menn svo drukkna uppi á hálendi á leið í veiði, að þeir vissu varla hvar þeir voru. Einnig komið að tjaldi þar sem fyrir utan var þvílíkt drasl (sviðakjamar, pappír, dósir og flöskur) að öllum blöskraði. Sjá svo á eftir tjaldbúunum ölvuðum fara um borð í bát til veiða, án vesta. Eins og einn björgunarsveitarmaður sem ég hitti um daginn sagði: **"já því miður er síðasta fí...ð ekki fætt"**.

Brandari úr Veiðimanninum 1951

Sigurður Guðjónsson bæjarfógeti í Ólafsfirði var eitt sinn að veiðum austur í Vopnafirði og fékk þá sem oftast vænan lax, sem var erfiður viðfangs. Þegar viðureigninni var lokið og laxinn kominn á þurrt land, lagðist Sigurður hjá honum og hvíldi sig um stund. Þetta var skammt frá alfaraleið. Kunningi Sigurðar, sem vissi að hann var að veiða þarna, átti leið fram hjá. Hann svipaðist um eftir honum, sá hann hvergi, en lax einn mikinn sá hann liggja skammt frá veginum. Hafði hann orð á þessu við Sigurð, þegar þeir hittust. **"Það var ekki von að þú sæir mig"** svaraði Sigurður. **"Ég lá hinu megin við laxinn!!!!"**

Þetta eru þeir sömu og skapa hinn þráláta orðróm sem þarf að fara að kveða niður.

Heilbriggt sport

Það má ekki líta svo á að ég sé bindindismaður, nei svo er ekki. En ég vill biðja ykkur sem lesa þetta að beina tilmælum til þeirra sem þið farið með til veiða að aðstoða alla veiðimenn við að minnka allt svona til að stemma stigu við ... "þessum orðrómi".

Veiðar eru mjög gefandi sport, frábær félagsskapur, heilbrigð og góð útivera, ekki ástæða til að fara á fylleri.

Hér eru tvö mottó fyrir sumarið:

"Fæddur til að veiða, neyddur til að vinna".

"Hugsaðu eins og fiskur, veiddu eins og maður".

Hafið þessi mottó í huga, ef við hittumst með strekktar línur og syngjandi hjól í sumar (með myndavélina um hálsinn).

Kveðja;

Ævar

Gamalt & Gott

Tekið úr gestabók við Hlíðarvatn, 27. maí 1980

Mættir hér kl.7.00 árdegis í glampandi sól.

Hinu svokallaða blessaða Hlíðarvatni sást bregða fyrir – annað slagíð sem gufustrókur við efstu fjallabrunir.

En þar sem vér sumir af léttasta skeiði og höfum nokkra reynslu í malpokunum, brá oss eigi sem skyldi og brugðum malpokum vorum á borðið – og tókum upp veisluföng og skáluðum fyrir nýafstöðnu afmæli og einnig stúdentsígildi.

Ennfremur var talið viðeigandi að skála fyrir ókomnum veiðifélögum.

Að þessu loknu mátti sjá, ef vel var að gáð, að Hlíðarvatn hafði lokið fjallgöngu sinni og safnast saman á sinn gamla góða stað - að mestu.

Einar S. Sigurðsson
Alexander Guðjónsson

Tekið úr gestabók við Hlíðarvatn 1980

Grasið, grasið, gæskurinn
getur'ðu ekki sparað.

Vatnið, vatnið, vinurinn
verður bráðum lagað.

Höf. ók.



Úr Veiðimanninum frá 1949

Hafið þér reynt það??


Að veiða á veikar línur og grönn veiðarfæri, er nú að ryðja sér til rúms, enda mikil skemmtun að fást við slíkt.

Í breska blaðinu "The fishing Gazette" er nýlega skirt frá manni nokkrum, sem veiddi 1 ¾ punds silung á öngul nr.18, girni 7 x og 1 ½ pund línu. Það tók veiðimanninn fimmtán mínútna harðvítuga baráttu að ná fiskinum á land, og kvaðst hann hafa haft ósegjanlega mikla ánægju af því.

Vísa tekin úr Veiðimanninum 1949

Þannig fer um flesta þá
fiska og og aðra líka
sem vilja fyrstir fá
og fyllsta skammtinn líka

Höf.ók.



GULLVILD



Þinn ávinningur:

- 200 friar debetkortafærslur
- 6% endurgreiðsla vaxta
- Ókeypis gulldebetkort
- Ókeypis greiðslubjónusta
- 50% afsláttur af gullkreditkort
- Betri vaxtakjör



ÍSLANDBANKI | 100%

Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn 23. & 24. apríl Grillið klárað



Efri röðin:

Flekmótogbygginga-
krani? Nei það er ekki
verið byggja blokk,
bara útigrill fyrir SVH.
Raggi yfirsniður sá
um fyrsta verkhluta,
og gerði allt nema
keyra steypubílinn...



Neðri röðin:

Skítt með veðrið, það
verður að grafa þetta
niður á fast. Svo þarf
að steypa undirstöður
svo draslið fjúki
ekki út á vatn. Þeir
eru monsaralegir
kallarnir á pallinum að
loknu góðu dagsverki.
Hreppstjórinn í Hlíð
stendur í gættinni og
er hugsi!



Þeir voru margir
"smiðirnir" sem
komu að því að
ljúka við grillið.
Hér er grillið
komið upp, og
klárlega til sóma
fyrir alla sem að
þessu komu.



Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn 23. & 24. apríl uSVH



Unglingadeildin var með þeim fyrstu á svæðið.



Einn að veiða og aðrir sex að fylgjast með ... ekki fór miklum sögum af aflabrögðum akkúrat þarna ... en "veðrið var frábært og félagsskapurinn góður".



Smá pása tekin í góðu veðri við hreinsunina.



Fallegir fiskar frá uSVH.



Stoltur meðlimur uSVH með tæplega kílósl bleikju, veidd á flugu með flugustöng.

Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn 23. & 24. apríl



Eins og venjulega þá freistar kjötsúpan eftir vel unnin störf....

Á eftir fóru svo flestir með flugustöngina til að taka létt köst. Árangurinn var misjafn, en almennt voru menn þó að veiða þokkalega. Við vitum að Einar Sigurðsson (verðlaunahafi Efnilegustu silungaflugunnar) var með 18 stk. Einnig fékk Vignir þarna eina væna, myndin af henni er á forsiðunni. Samkvæmt áræðanlegum heimildum fengust 52 stk. hjá félögum í SVH um hreinsunarhelgina.



Menn voru nánast öxl við öxl í Kaldósnum ...



... og Vignir búinn að setja þar í eina



Sumir höfðu það frekar rólegt ...



... meðan aðrir óðu um allt í leit að fiski

Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn 23. & 24. apríl



Þeir ungu eru enn áhugasamari
við framkvæmdirnar.



Misjöfn eru nú störfín ...



Þá er þessi áfangi í höfn....



"Varamannabekkurinn"



Og svo er það veiðin ...



Þétt meiga sáttir "sitja".

Við Hlíðarvatn

Hér eru fagrar myndir frá Hlíðarvatni, teknar 18. apríl 2004 af Hansa. Núna við hreinsunina var formaðurinn ansi skáldmæltur og setti saman þessar línur, sem lýsa því nokkuð vel hvernig er að vera þarna á góðri stundu.

Vor í Hlíð

Gæftir víða gefa kann,
golan þýða – svala.
Vatnið Hlíða, vekur mann,
af vetrarkvíða – dvala.

Fjallabrunir finn þar enn,
fornar rúnir – aldir.
Standa lúnir, stara á menn,
steinar brúnir – kaldir.

Aldan gælir enn við strönd,
engan fælir - lengur.
Öllu hælir, engin bönd,
andans mælir - gengur.

Finn ég strá, það fauk til mín,
fyllist þrá – sem logi.
Farin grá, af grundum sýn,
grænkar brá - í Vogu.

Bleikja í vöku, byltir sér,
á bóli röku – beði.
Flögrar stöku fugl við sker,
finn ég töku – gleði.

HÓ



RAFGEYMASALAN
Dalshrauni 17
sími 565 4060





Sérfræðingar í fluguveiði

**Mælum stangir,
splæsum línur
og setjum upp.**

**Sportvörugerðin hf.,
Skiopholt 5, s. 562 8383.**